

FULLY TRANSLATED!

STARRA

Rit Sambands íslenskra myndlistarmanna

NO 6, LTBL 2016





4&5

Formáli

Gunnhildur Þórðardóttir

NO 6, 1.T



6&7

*Gefum rými
fyrir sköpun*

Sigrún Hrólfsdóttir



8&9

*Má ekki bara sleppa
þessum listgreinum?*

Sandra Rebekka



10&11

*Samtal við
Kristin Má Pálmason*



12&13

Vasulkastofa



14&15

*Aftur í sandkassann:
Upplifum, njótum og sköpum*

Ásthildur B. Jónsdóttir



16&19

Tærleiki

Margrét Elísabet Ólafsdóttir

BL 2016

English version
~Click~

20&21

Andrými

Freyja Eilíf



22&23

*Miðopnan:
Guðmundur Thoroddsen*



24&25


*VEI, ÞÉR
FALLNA BORGUN!*

Eiríkur Örn Norðdahl



26&35

*Framlagssamningurinn
(drög) svart á hvítu*



36&37

Leirlistafélag Íslands

Aðildarfélag SÍM



38&39

Gestavinnustofan

Sarah Gerats



Tíð minni í stjórn SÍM er að ljúka og er mér þakklæti efst í huga. Þessi tími hefur verið mjög lærdómsríkur og gefandi. Ég hef kynnst baráttuþreki, seiglu, taumlausri hugmyndavinnu, gleði, vonbrigðum og síðast en ekki síst vináttu. Þegar ég bauð mig fram hafði ég alltaf talið að SÍM ætti að berjast fyrir hagsmunum félagsmanna sinna. Ég vildi leggja mitt af mörkum og auðga á ein-

hvern hátt starfsemi SÍM. Ég hafði áður unnið hjá SÍM sem verkefnastjóri gestavinnustofu og Dags myndlistar en einnig verið í stjórn og sýningarnefnd hjá Íslenskri grafík í mörg ár auk þess að vinna hjá söfnunum. Ég er menntaður myndlistarmaður með BA í listasögu og listum og MA í liststjórnun og hef undanfarin ár unnið við listkennslu í grunnskóla.

Góður kennari getur haft ævilöng áhrif. Þegar ég var í grunnskóla var ég svo heppin að myndmenntakennarinn minn var menntaður myndlistarmaður. Hann kveikti strax mikinn áhuga hjá okkur krökkunum en hann lagði mikið upp úr teikningu, að skoða mismunandi sjónarhorn og fjarlægð, en hann var líka mjög fær málari. Á sama tíma var ákveðið tónlistaruppeldi í

Formáli

Gunnhildur Þórðardóttir





Ljósmyndir Tinna Guðmundsdóttir

myndmenntatímum, við hlustuðum á plötur eða kassettur í þá daga en við vorum einnig mjög heppin með tónlistarkennara sem seinna átti eftir að verða þekktur óperusöngvari. Myndmenntatímarnir voru iðulega mjög vinsælir, við lærðum að hlusta, skapa og finna lausnir en líka að hanna nýja hluti. Á árhátíð skólans lögðust allir á eitt að skapa skemmtilega leikmynd en því var einmitt stjórnad kröftulega af myndmenntakennaranum. Við lærðum lýðræðisleg vinnubrögð, t.d. samvinnu milli nemenda og kennara, við lærðum að útfæra tækni og horfa gagnrýnum augum á rými og form. Við lærðum að trúá á okkur sjálf, skapa og njóta.

En aftur að störfum mínum fyrir SÍM. Mig langar að útlista nánar þá eiginleika sem ég taldi upp í byrjun. Þegar ég nefni baráttuþrek og seiglu þá kemur óneitanlega upp í hugann vinnusemi, áskorun og tryggð, sem eru allt saman dyggðir sem eru í hávegum hafðar á Íslandi. Þær eru einnig einkenni á góðum listamanni sem vinnur allan sólarhringinn. Fyrst í venjulegu vinnunni, það er í launuðu starfi, svo jafnvel í uppeldis- hlutverkinu og síðast en ekki síst í listamannavinnunni. Listamaðurinn

heldur tryggð við frelsi sitt til að skapa verk, tjáir sig um ástand heimsins og gefst ekki upp þótt á móti blási. En þrátt fyrir allt er hugsunarhátturinn þannig í þjóðfélaginu, hjá litlum minnihluta leyfi ég mér að vona, að listamenn séu fólk sem lifir á samfélaginu. Þessi mýta er lífseig en við skulum kýla hana í kaf í eitt skipti fyrir öll. Við eigum að borga myndlistarmönnum, við eigum að greiða fyrir unnið verk og við höfum svo sannarlega unnið okkar verkefni. Við getum öll sammælt um gildi þess að greiða fyrir starf sem innt er af hendi.

Ég nefni taumlausa hugmynda- vinnu því á stjórnarfundum hafa margar hugmyndir orðið áþreifan- legar. Hugmyndir sem komu upp urðu að veruleika í framkvæmd. Ég nefni gleði því margar hugmyndir urðu að merkilegu og gleðilegu samstarfi en vonbrigði urðu einnig þegar hugmyndir sem voru sterkar og góðar fengu hvorki hljómgrunn né fjármagn frá yfirvöldum. Það skiptast á skin og skúrir í lífinu, sumt gengur upp en annað ekki og þannig er það bara. En myndlistarmenn eiga að láta áfram í sér heyra. Við erum ekki þögult afl, við tökum jafnan þátt í samfélaginu og bændur, lyfjafræðingar eða

kennarar. Listamenn eru hámenntað fólk og mikilvægi menntunar verður seint metið. Lýðræði og menntun haldast í hendur og gera okkur að manneskjum. Náin tengsl menntunar við jafnrétti, velferð og hagvöxt eru mikil og listmenntun hvetur til gagnrýnnar og skapandi hugsunar.

Listin mótar sjálfsmýnd okkar og við listamenn erum hluti af sögunni. Við erum límið og þráðurinn sem heldur samfélaginu saman með því að hjálpa fólki að skapa og njóta. Við lifum ekki á loftinu né ljóstillífun eins og Ólöf Nordal sagði í einu viðtali en við erum súrefnið sem kemur blóðinu af stað.

Við myndlistarmenn eigum bjarta framtíð vona ég. Við eigum sterkt bakland ef við sýnum samstöðu og stöndum við kröfuna um þóknun til myndlistarmanna, stöndum fast á réttindum okkar og höldum áfram að berjast!



Ljósmynd Ásta Kristjánsdóttir

Hvers vegna sóttirðu um þessa stöðu?

„Ég hef verið stundakennari við deildina í um tíu ár og hef mikinn áhuga á kennslu. Ég hef gaman af að miðla og finnst ég fá mikið til baka. Forseti myndlistardeildar getur haft töluverð áhrif og ég lít á deildina sem nokkurs konar verk í vinnslu. Mín myndlist er oft unnin í samstarfi við aðra og ég hef almennt áhuga á samstarfi. Þetta er æðsta stig menntunar í myndlist á landinu og þótt ég hafi aldrei séð mig fyrir mér í þessari stöðu fyrr en núna kallaði starfið á mig þegar það var auglýst. Ég reiknaði þó í raun ekki með að fá það svo það var óvænt ánægja. Í þessari deild er unnið afskaplega spennandi starf og ég hef séð margt

fært fólk útskrifast þaðan; nemendur læra margt og ekki síst að móta sjálfa sig og aðra í leiðinni. Þetta er afar áhugaverður vettvangur að starfa á. Ég er ráðin til fimm ára en það er búið að setja þá reglu við Listaháskólann að deildarforsetar geti ekki setið lengur en tvö fimm ára tímabil, sem mér finnst gott. Bæði skólinn og þær persónur sem gegna slíkum störfum þurfa á endurnýjun að halda.“

Hversu mikilvæg er sú menntun sem boðið er upp á í Listaháskóla Íslands? „Mér finnst hún mjög mikilvæg. Ég tel nauðsynlegt að halda myndlistardeildinni sterkri sem þeirri deild er minnst tengist hagnýtum greinum. Þetta er

grunndeild að því leyti að þarna á sér stað frumsköpun og hún þarf bæði að njóta stuðnings frá skólanum og vera sjálfstæð; njóta frelsis og fá að vera á sínum forsendum. Ég er þó afar ánægð með samspil greina innan listaháskólans. Ég útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum árið 1996, nokkrum árum áður en Listaháskólinn var stofnaður, en mér hefur sýnst það hafa verið mjög jákvætt skref og gott fyrir myndlistina að vera hluti af þeirri heild. Það felst mikill styrkur í samstarfinu, fólk fer meira inn á svið hvers annars þótt þetta sé hreint engin bræðsla; það þarf ekki allt að verða það sama heldur styrkist hver grein með samvinnunni. Það mikilvægasta nú sem

fyrr er auðvitað að sameina skólann undir eitt þak, til þess að virkja til fulls þann slagkraft sem í honum býr. Þá er búið að bæta miklu við undirbúningsmenntunina, hún er meðal annars orðin fjölbreyttari og víðar í boði svo nemendur koma sterkari inn í myndlistardeild Listaháskólans. Ég myndi segja að nemendur hér væru úrvafsfolk, enda mikil samkeppni að komast hingað inn og fólk verður að vera tilbúið að standast kröfur. Mér finnst nemendur líka hugrakkir að vilja mennta sig í myndlist. Það er spennandi að vinna í svoleiðis umhverfi, þar sem allir eru framúrskarandi.“

Sigrún Inga Hrólfsdóttir er nýr forseti myndlistardeildar Listaháskóla Íslands. Í viðtali við STARA segir hún mikilvægt að halda deildinni sterkri og sjálfstæðri en nýta jafnframt kraftinn úr þverfaglegu samstarfi.

Gefum rými til að skapa

Hverjar verða helstu áherslur þínar í starfinu?
„Starfið í myndlistardeildinni er í ágætum farvegi og fólk mun ekki sjá miklar breytingar um leið. Þó mun það augljóslega leiða til breytinga að nýtt fólk komi að deildinni. Auk mín er von á allt að fjórum nýjum kennurum í vor, en við auglýstum nýlega eftir háskólakennurum til að fylla skarð þeirra prófessora sem nú hafa lokið sínum tímabilum. Í skóla sem þessum er búið að skipuleggja starfið langt fram í tímann og ég er ekki að koma inn til að gera byltingu. En auðvitað mun ég setja mitt mark á deildina, það er eðlilegt. Ég vil styrkja bæði BA- og MA-námið. BA-námið á að mínu viti að vera vettvangur

þar sem fólk getur prófað alla miðla, mátað sig við sem breiðasta tækni og fengið smjörþefinn af sem flestu sem verið er að fást við í samtímapmyndlist. Í MA-náminu verður áherslan á fræðilega hlutann aðeins meiri og einnig þarf fólk að vinna meira í sinni persónulegu nálgun og útfærslu. Þá hefur verið á döfinni að stofna nýja deild sem væri einhvers konar fræði- og sýningarstjórnardeild. Það er langtímamarkmið sem mér finnst mjög mikilvægt. Svo myndi ég vilja efla verklega þáttinn, án þess að það þyrfti að vera á kostnað hins fræðilega. Ég tel að þessir tveir þættir vinni vel saman og vil vinna gegn stigveldi í þessum efnunum. Í myndlistinni á sér

alltaf stað samtal milli efnis og anda og báðir hlutar þurfa að vera mjög sterkir. Hjá okkur er frábært fólk að stýra verkstæðunum og sá hluti námsins hefur verið í sókn. Ég myndi vilja leggja mitt af mörkum þar.“

Verða einhverjar áherslubreytingar þegar þú tekur við?

„Það er erfitt að segja til um það í byrjun. Ég kem ekki inn með það fyrir augum að gera skurk og breyta öllu. Ég held að það sé ekki vænlegt til árangurs, heldur frekar að setja smám saman mitt fingrafar á deildina. Og auðvitað er þetta samstarfsverkefni nemenda, kennara og allra sem koma að kennslunni. Ég legg áherslu á góðan vinnuanda og gleði,

að fólki líði vel í þessu umhverfi því þá gerist eitthvað áhugavert og spennandi.“

Hversu mikilvæg er menntun fyrir myndlist almenn?

„Hún er gríðarlega mikilvæg og það ætti að efla kennslu í myndlist á öllum skólastigum. Það er alltaf verið að segja að skapandi greinar séu framtíðin. Það þarf kannski ekki að kenna fólki að vera skapandi en það þarf að gefa því tækifæri til að vera skapandi. Við þurfum að auka tækifæri allra í menntakerfinu til að finna þennan þátt í sjálfum sér, gefa fólki rými til að efla sitt skapandi sjálf og treysta öllum til að vera skapandi, til að skapa sjálfa sig sem það sem þeir vilja vera.“

Má ekki bara sleppa þessum listgreinum?

Hlutverk listgreina í skólakerfinu



Sandra Rebekka

Skólaskylda á Íslandi er tíu ár og á þeim takmarkaða tíma á að móta framtíðar samfélagsþegna. Því er eðlilegt að velja því fyrir sér hvað eigi að kenna og hvað ekki. Nauðsynlegt er að horfa á nemendahópinn sem heild og geta fært rök fyrir því að það sem kennt er, sé öllum nemendum til góða.

Á Íslandi er samþykkt með lög-
gjöf að listgreinar séu kenndar
sem hluti af grunnskólanámi
nemenda. Lög kveða á um
að Aðalnámskrá grunnskóla
skuli leggja áherslu á listræna
tjáningu og skapandi nám. Þetta
er ekki sjálfsgöð staða þar sem
listgreinar eru ekki alls staðar
hluti af skólastarfi en þó mætti
gera betur.

Samkvæmt viðmiðunarstundar-
skrá fá list- og verkgreinar tæp
16 prósent kennslutímans. Það
er ekki hátt hlutfall þar sem list-
og verkgreinar eru sjö talsins.
Hver listgrein fær því um 30
mínútur til umráða á viku sem
er ekki samræmi við markmið
Aðalnámskrár í listgreinum



sem eru yfirgripsmikil og ná
yfir tækni, listasögu og sköpun.
Vandasamt er að velja hvernig
listgreinakennarinn nýtir þann
tíma sem honum er úthlutað.
Það er að sjálfsgöðu mikilvægt
að nemendur þjálfu tækni,
kynnist fjölbreyttum miðlum og
þekki listasögu. Þetta er mikil-
vægur þáttur af verklega hluta
grunnskólanáms nemenda. Þrátt
fyrir það felst styrkur listgreina
í sköpun.

Sköpun er börnum eðlislæg,
óháð menningarheimi eða upp-
runa og öllum aðgengileg óháð
aldri, þroska, getu eða bak-
grunni. Stefnur í menntamálum
og breytt samfélagsviðhorf hafa
orðið til þess að breidd nemenda-
hópsins hefur aukist. Innan
sama hóps má oft finna

nemendur með þroskaskerðing-
ar, námsörðugleika, hegðunar-
vandamál, tilfinningaraskanir
eða nemendur sem tala annað
tungumál. Nemendur sem geta
ekki tjáð sig skilmerkilega geta
oft tjáð sig á kraftmikinn og
jákvæðan hátt í gegnum list-
ina og sýnt skilning sem ekki
sést í munnlegri eða skriflegri
tjáningu þeirra.

Listgreinar gegna veigamiklu
hlutverki og ættu að vera
forgangsatridi í skólastarfi.
Það er undir listgreinakenn-



Ljósmyndir Tinna Guðmundsdóttir
og myndasafn LHÍ

urum komið að finna jafnvægi á milli þess að kenna hæfni og tækni, listasögu og þekkingu og gæta þess að leggja megináherslu á sköpunarferlið og tjáningu nemandans.

Sköpun er leið til að kenna börnum að trú á sjálfan sig. Í gegnum hana eru leiðir að markmiðum margar, allar réttar, engin eins. Í gegnum sköpun má útbúa nemendum öruggt skjól til að berskjalda sjálfan sig og kenna þeim að virða aðra þegar þeir gera það sama. Sköpun leyfir þeim að sjá að þeirra sýn á rétt á sér. Það er það mikilvægasta sem listgreinakennari getur nokkurn tíma kennt nemendum sínum.



Samtal við Kristin Mía Pálmason



Hvar færðu innblástur?

Innblástur er tvískiptur og kemur til jafns innanfrá sem utan. Hann er hugarástand sem nálgast má innanfrá með ýmsum ráðum eins og hugleiðslu eða með því að vinna út nóttina inn í algleymisástand. Lestur getur veitt innblástur og ég hef gaman af viðtölum við listamenn. Fékk eitt sinn svo mikinn innblástur á bíómynd Sally Potter, *Orlando*, að ég felldi listrænt tár. Síðustu árin hef ég mestmegnis sótt innblástur í miðaldir og Google.

Heimasíða:

Ný í smíðum en þessi er alltaf til staðar, yfirlitssíða.

Hugmyndavinna:

Margslungið ferli sem felst m.a. í gríðarlegri gagnaöflun, klippivinnu, skærin eru öflug. Ég legg mikla vinnu í skoðun ólíkra kerfa og reyni að hugsa eins og Shakespeare og Derrida í senn.

Hvaða verkefni eru framundan?

Það eru nokkur verkefni í gangi nú og önnur sem raðast skipulega niður á árið. Tvö tveggja manna samvinnuverkefni með sitt hvorum listamanninum, Jóni Sæmundi og Halldóri Ragnarssyni. Frekar spennandi samsýning í haust í Listasafni Reykjanæsbæjar. Sú stórkostlega ævintýramynd sem Christian Elgaard hefur síðastliðna þrjá mánuði skotið í vinnustofunni og víðar fer að komast á lokastig. Fáir vita það en ég hef unnið rafræna tónlist í samstarfi við Baldur J. Baldursson tónskáld og hljóðhönnuð síðan 1999. Dark Vibra heitir dúettinn og er að klára albúm í apríl/

STARA náði tali af Kristni Má Pálmasyni myndlistarmanni sem er með vinnustofu í nýjum vinnustofum SÍM í Kópavogi. Eftir útskrift frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1994 nam Kristinn við The Slade School of Fine Arts, MFA.

maí. Svo er stór einkasýning í vinnslu samhliða öðru og væntanlega fullbökuð 2017, á hálftrar aldar afmæli mínu.

Hversu mikilvægt er fyrir þig að hafa vinnustofu?

Það er afar mikilvægt að hafa rými til að geta gert eitthvað sem maður veit ekki hvað er né hvers vegna það verður til. Vinnustofan er ankannalegt rými sem sameinar fortíðina núinu og framtíðinni. Vinnustofan mín er ávallt framlenging af gamla forstofuherberginu þar sem ég hóf listferilinn með skipulagningu gjörnings ásamt vini mínum Jonna í 9. bekk. Gjörningurinn, sem var 20 mínútur, var fluttur á árs hátíð í Stapa í Njarðvík og reyndi vafalaust eitt-hvað á taugar níundu bekkina. Við notuðum trommuheila, púlt, áróðurs-snepla og ýmiskonar props. Annar var bóndi, hinn var í hálf fasískum búningi, höfðum að auki þræl. Stofnuðum í kjölfarið nýbylgjusveitina „Niðurlægning Norðurlanda“.

Lýsing á vinnustofunni:

Þetta er um 30fm rými, fín lofthæð og norðurgluggar. Frábært útsýni sem er endalaus uppspretta hugmynda. Ég er mjög sáttur við rýmið. Vinnustofan inniheldur haug af verkum úr fortíðinni, hinum ýmsu tímabilum, kassa með dóti sem ég veit ekki hvað á að gera við og að sjálfsögðu „nú rýmið“ þar sem eitt-hvað fer fram. Frekar snyrtileg vinnustofa.

Hvert er markmiðið með/toppurinn á starfinu?

Ég sé þetta frekar sem ferðalag. Tók á einhverju námskeiði próf um einmitt eðli þessarar spurningar og niðurstöðurnar úr þessu tiltekna prófi bentu til þess að ég sækist eftir völdum. Vald getur til dæmis þýtt það að hafa áhrif á einhvern og breyta þannig einhverju broti í heildarmyndinni.

Af hverju ertu myndlistarmaður?

Af hverju er frábær spurning. Þetta klassíska kemur hér, sífellt teiknandi barn. Teiknaði svo oft auga á handarbakið að það varð nánast húðflúr, núna mála ég augu og hendur. Hefði samt getað orðið tónlistarmaður að lífsstarfi þar sem tónlistin var meira spennandi á unglingsárunum, en ég er ánægður með valið í dag. Betra að vera miðaldra, ungur og efnilegur myndlistarmaður en tónlistarmaður kominn á efri ár.

Í fullkominni veröld væri myndlist:

Í formi almenns hugsunarháttar og frumlegs háttalags þar sem allir gætu verið áhugaskurðlæknar.

Mottó:

Svartagall og glópagull

Áhrifavaldar:

Ég hef aldrei átt einn tiltekinn uppáhalds listamann en tengi einhvern veginn núorðið við fáeina eins og t.d. Albert Oehlen, Christopher Wool,

Arnulf Reiner, Philip Guston og Tal R. Átti tímabil fyrir nokkrum árum þar sem ég kafaði ofan í „Art Brut“, safn utangarðslistamanna sem var ástfóstur Jean Dubuffet, sé í dag lúmsk áhrif þaðan. Fyrri áhrifavaldar eru „The Residents“ sem ætt-leiddu mig um 15 ára aldurinn. The Residents gefa mér gæsa-húð enn í dag og rétta af kompásinn þegar ég villist. Erró hafði áhrif í æsku sem og Alfreð Flóki, aðallega vegna þess að það voru einu listaverkabækurnar á heimilinu, það voru hins vegar til öll verk Williams Shakespeare í einu bindi. Odilon Redon, David Lynch og Peter Greenaway eru sætir.

Hvað er SÍM fyrir þér?

Ómissandi hagsmunasamtök fyrir hinar praktísku hliðar myndlistarmannsins. Finn sérstaklega fyrir SÍM í dag þar sem erfitt er orðið að finna vinnuhúsnæði á viðráðanlegu verði, ég hef flutt vinnustofuna 5 sinnum á síðastliðnum 5 árum. Ýmislegt annað eins og að borga sig ekki inn á söfn hér heima og erlendis og gestavinnustofurnar, þetta eru gæði.

VASULKA-STOFA

Miðstöð fyrir raf- og stafræna list á Íslandi



Kristín Scheving deildarstjóri Vasulka-stofu og Ragnheiður Vignisdóttir listfræðingur og verkefnastjóri skráningar í Vasulka gagnasafni.

Þann 16. október 2014 opnaði Listasafn Íslands formlega nýja deild innan safnsins, Vasulka-stofu, í samstarfi við listamennina Steinu og Woody Vasulka. Á síðasta áratug hafa raf- og stafrænar listir verið mikið til umræðu innan Listasafns Íslands en brýn þörf er fyrir akademíska og faglega starfsemi í kringum raf- og stafræna myndlist.

Íslenskir brautryðjendur á heimsvísu í vídeólist

Steina (Steinunn Briem Bjarnadóttir) fæddist í Reykjavík árið 1940. Hún stundaði nám í klassískum fiðluleik hér á landi þar til hún fékk styrk til framhaldsnáms í Prag árið 1959. Þar kynntist hún eiginmanni sínum Woody (Bohuslav) Vasulka, sem fæddur var í Tékkóslóvakíu en öðlaðist íslenskan ríkisborgarétt árið 1968. Woody Vasulka er menntaður verkfræðingur og kvikmyndagerðarmaður. Saman fluttu þau til New York árið 1965 og hófu þar brautryðjendastarf sitt í vídeólist.



Fyrsta margmiðlunarmiðstöð New York-borgar, *The Kitchen*, var stofnuð af Steinu og Woody Vasulka í samstarfi við Andy Mannik árið 1971. *The Kitchen* var í senn tilraunastofa listamanna fyrir könnun nýrra leiða í rafrænni margmiðlun, svo og vettvangur þeirra til skoðanskipta og þekkingarmiðlunar. *The Kitchen* hefur síðan verið leiðandi sem ein þekktasta miðstöð rafrænna lista á heimsvísu og er enn starfandi í New York.

Árið 1973 fékk Woody prófessorsstöðu við eina af fyrstu margmiðlunardeildum heims, Suny við Ríkisháskóla New York-fylkis í Buffalo, þar sem hann starfaði ásamt Steinu fram

til ársins 1980. Þá fluttu þau til Santa Fe í Nýju Mexíkó þar sem þau búa og starfa í dag.

Hvers vegna núna?

Það er erfitt að ímynda sér hvernig það er að gefa frá sér áratuga rannsóknarvinnu, öll skjöl, upprunaleg listaverk, skissubækur, sýningarskrár, prentaðar bækur, boðskort, ljósmyndir og fleira. Það hafa Steina og Woody Vasulka gert síðustu misseri. Vasulka-stofa varðveitir nú stóran hluta af arfleifð þeirra og er unnið að því þessa stundina að skrá öll þessi skjöl og setja á rafrænt form svo að fræðimenn og aðrir áhugamenn um sögu raf- og stafrænnar listar geti nýtt sér og notið í náinni framtíð.



Ljósmyndir Kristín Scheving og Sigurður Gunnarsson

Ásamt því að vinna að skráningu og miðlun efnis úr gagnasafni Steinu og Woody Vasulka vinnur stofan að því að byggja upp alþjóðlegt samstarf við systurstofnanir út um allan heim. Vasulka-stofa vinnur nú að undirbúningi að söfnun á upplýsingum um vídeólistaverk og önnur rafræn verk sem gerð hafa verið á Íslandi. Haldið verður áfram að efla alla þessa starfsemi, auk þess sem haldnar verða málstofur, námskeið, leiðsagnir og sýningar ásamt útgáfustarfsemi og fleira.

Vasulka-stofa hefur aðsetur á neðri hæð safnbyggingar Listasafns Íslands og er opin almenningi. Þar er sýndur fjöldi vídeóverka eftir Steinu og Woody Vasulka. Þar má einnig finna viðtöl við þau og heimildarmyndir.



Ásthildur B. Jónsdóttir lektor við
listkennsludeild Listaháskóla Íslands

Ljósmyndir Ásdís Þórhallsdóttir, Klara Þórhallsdóttir og Hildur Inga Björnsdóttir


Nú stendur yfir í Listasafni Reykjavíkur sýningin *Aftur í sandkassann*. Verkin sem valin voru á sýninguna eru eftir alþjóðlega samtímalistamenn sem gefa gagnrýna og ferska sýn á nám og eðli náms. Segja má að sýningin sé einskona rannsókn á málefnum tengdum völdum, frelsi og hlutverki myndlistar í pólitísku landslagi menntunar þar sem hún skoðar viðleitni til sjálfsnáms og

óformlegrar menntunar. Verkin spyrja spurninga um eðli og hlutverk menntunar og sýna jafnframt sköpun sem lykilþátt í nútíma samfélagi.

Það er áhugavert að skoða áherslu sýningarinnar í samhengi við hina „kennslufræðilegu beygju“ sem átt hefur sér stað í myndlist og sýningastjórnun á síðustu árum, sbr. skrif Irit Rogoff, David Aguirre, Dave Beech,

Cornford & Cross, Charles Esche, Liam Gillick, Tom Holert, Emily Pethick ofl. Þessi sýning er áhugavert dæmi um hvernig sýningarstjóri og myndlistarmenn vilja með beinum hætti vinna með tilteknum samfélögum og sýnir þannig hvernig myndlistarheimurinn er undir áhrifum af menntun og hugmyndum um þekkingarsköpun.

Aftur í sandkassann: Upplifum, njótum og sköpum





Áherslur sýningarinnar eru þær sömu og eru einkennandi fyrir gildandi aðalnámskrá leik- og grunnskóla þar sem áhersla er m.a. lögð á leik og að nám nemenda skuli byggja á þeirra fyrri reynslu með skapandi og greinandi nálgunum. Aðalnámskráin kveður á um mikilvægi þess að nemendur þroski með sér sjálfstæði til að vera færir um að afla sér þekkingar og upplýsinga með gagnrýnu hugarfari og geti síðan beitt þessari nýju þekkingu með ábyrgum hætti. Sumir telja að kennurum séu ekki veitt næg tækifæri til að þróa eigin kennsluhætti í átt að þessum áherslum.

Sýningin í Hafnarhúsinu gefur tækifæri til að skoða vinnuaðferðir samtímalistamanna og velta fyrir sér hvernig verk þeirra spegla gjarnan það sem er að gerast í heiminum. Samtímalistaverk vekja gjarnan upp spurningar sem tengja má við lykilhæfni aðalnámskrár með vísunum í læsi í víðum skilningi, ritun, vísindalega tengingu, sam-

félagsfræði, náttúrufræði o.fl. Ef sýningin er skoðuð með gleraugum hugsmíðahyggjunnar gefast spennandi tækifæri fyrir vinnu með þverfagleg sjónarhorn sem gefa forsendur til áhugaverðs samtals meðal listamanna og skólafólks um hvernig samtímalist getur verið kjarni náms og tengst inn í námskrárvinnu. Með því að vinna með samtímalistaverk er ekki endilega verið að velta fyrir sér fagurfræðilegum væntingum heldur lögð áhersla á samtal, gagnrýni eða þróun nýrrar þekkingar. Þetta tengist hugmyndum Edward di Bono um hliðræna hugsun (*e. lateral thinking*). Hliðræn hugsun byggir á þeirri hugmynd að hugurinn geti skynjað málefni frá mörgum sjónarhornum og með mörgum leiðum. Þar af leiðandi er manningum fært að upphugsu margar skapandi lausnir, hefðbundnar sem óhefðbundnar. Hliðræn hugsun felur í sér að skoða vandamál og/eða áskoranir út frá mörgum sjónarhornum. Það felur oft í sér að brjóta vandamálið/

áskorunina upp í ólíka þætti eða einingar og setja saman á nýjan hátt, jafnvel af handahófi.

Tilraunir eru mikilvægar öllu skapandi starfi. Með tilraunum skapast tækifæri til að tengja á milli óhlutbundinnar og hlutbundinnar hugsunar. Tilraunir krefjast þess að nemendur rannsaki, prófi og setji hluti eða hugmyndir í nýtt samhengi sem er forsenda vandamálalausna og sjálfstæðrar ákvarðanatöku. Tilraunir hvetja nemendur einnig til að vinna í samstarfi þar sem styrkur hvers og eins fær að njóta sín. Tilraunir geta virkað bæði hvetjandi og valdeflandi því að með tilraunum vinna nemendur út frá eigin áhugahvöt og frumkvæði. Tilraunir eru mikilvægar í hugmyndafræði gagnrýnnar uppeldisfræði (*e. critical pedagogy*) sem vill breytingar á menntakerfinu með áherslu á að tryggja jöfnuð og réttlæti á sama tíma og einstaklingurinn eflist út frá eigin áhuga-sviði, reynsluheimi og þrói með sér samfélagslega ábyrgð.

Ég hvet kennara til að heimsækja sýninguna og velta fyrir sér til hvers konar menntunar þessar listrænu athafnir vísa. Einnig hvet ég alla til að fara með nemendur á sýninguna og til að undirbúa sig fyrir heimsóknina, vera virk á sýningunni þar sem nokkur verkanna gera ráð fyrir þátttöku safnagesta og gefa þeim tækifæri til að vinna á staðnum úr upplifunum sínum. Einnig er mikilvægt að leita leiða um það hvernig hægt er að vinna úr sýningunni í skólum. Þannig verður hugmyndin um að læra af samtímalist fremur vinnuferill en stakur viðburður í safninu.

Sýningin minnir okkur á að upplifa, njóta og skapa, sem gleymist of oft í nútíma samfélagi.


Tærleiki

Jón Laxdal í Listasafninu á Akureyri

Margrét Elísabet Ólafsdóttir



Í kynningu Listasafnsins á Akureyri á sýningu á verkum Jóns Laxdal Halldórssonar segir að þeim megi lýsa sem ljóðrænni naumhyggju. Lýsingarorðið ljóðrænn gefur til kynna að verkin lýsi tilfinningu eða upplifun, sem gefið er í skyn að erfitt sé að koma í orð. Það er hægt að taka undir að þetta geti átt við um verk Jóns Laxdal, en þetta þarf ekki að þýða að ekki sé hægt að orða tilfinninguna sem þau kveikja. Erfiðara er að tengja verkin við naumhyggju, þótt segja megi að þau séu knöpp. Tærleiki myndi lýsa þeim betur því í tærri birtu virðist allt blasa við á sama hátt og í tæru vatni þar sem sést til botns. Tær birta merkir ekki að umhverfið sé fábrotið eða vatnið grunnt heldur er hægt að sjá vítt og djúpt í einni sjónhendingu. Verk Jóns Laxdal, ekki síst þau sem gerð hafa verið á síðustu tíu árum, eru tær í slíkum skilningi. Þau virðast opinbera sig algjörlega við fyrstu sýn. Segja allt sem segja þarf í einu vetfangi. En eftir því sem lengur er horft koma smáatriðin betur í ljós og margræð merking þeirra lýkst upp.



Eitt þeirra verka sem dró að sér athygli á sýningu Jóns Laxdal í Listasafninu á Akureyri var lítill skúlptúr sem stóð á gólfi. Skúlptúrin ber titillinn *Föt* og lýsir þannig bókstaflegri framsetningu verksins sem er samsett úr fötum og stendur á fati. En föt getur einnig vísað í klæði í fleirtölu og þá eitthvað sem er hulið sjónum. Verkið er það sem það segist vera og samt er titillinn margræður. Það er bókstaflegt í þeim skilningi að tilvist þess byggir á formi sem byggir á samsetningu forma. Formið verður til þegar fötunum er raðað saman. Þetta form er fullkomið í sjálfu sér. Það er engu ofaukið og ástæðulaust að bæta neinu við. En hvernig fötur eru þetta?

Fullkomið formið er samsett úr lúnum fötum. Þær eru gamlar, jafnvel ryðgaðar og líklega ónothæfar. Þetta er rusl eins og segir í yfirskrift sýningarinnar,*úr rústum og rusli tímans*. En samsetningin er ekkert rusl. Hún er næm og nærgætin og ber formskyni listamannsins fagurt vitni. Hún lýsir athygli og umhyggju fyrir hinu smáa og natni við það sem aðrir veita ekki athygli nema þeim sé bent á það. Um leið er samsetningin fallvölt. Verkið er ekki höggvið í stein. Það er hægt að taka það í sundur hvenær sem er. Það gæti fallið við ógætilega sneringu. Tilvist þess er forgengileg líkt og tilvist efnisins og lífsins. Um leið og slíkar tengingar eru

dregnar fram öðlast einfalt og bókstaflegt formið dýpri merkingu. Formið er tært og fullkomið eins og það er, og samt segir það svo miklu meira en það er.

Föt er frá árinu 2016 líkt og *Fjarðarkjaftur*, verk sem var staðsett á endavegg. Hér er titillinn í ákveðinni þversögn við sjónræna útfærslu verksins sem byggir á íhygli og nærgætni gagnvart því sem fæstir veita athygli. Eða hver hugsar sig tvisvar um áður en hann hendir plastring sem innsiglar tappa á gosflösku? Hér er átt við örmjótt plastið sem brjóta þarf upp áður en tappinn er skrúfaður af og flaskan opnuð. Heill hringur verður hálfur. Þessum

hálfu hringjum hefur Jón Laxdal safnað og tyllt upp í línulegri röð. Hálfhringirnir eru bláir og snúa þannig að opna hliðin snýr upp. Þannig myndar línán sjónarrönd fjarlægjar báru ef horft er úr hæfilegri fjarlægð. Einföld lína, búin til úr bláum hálfhringjum kallar fram mynd af sjóndeildarhring, og tilfinningu fyrir þeim möguleika að eitthvað sé handan línunnar. Handan við vegginn sem línán undirstrikar. Handan þess sem blasir við. Blá línán undirstrikar tilvist hvíta veggjarins og breytir honum um leið í fjarska fyrir tilstilli blárra plastringja. Opið hafið við enda fjarðarinnar. Verkið er fínlegt og einfalt og um leið svo áhrifamikið

að það fangar athyglina. Hárfín samsetningin og fullkomlega ómerkilegur efniviður fyllir mann andakt. Hvernig er hægt að vekja jafn sterka upplifun úr einhverju sem virðist ekki vera neitt? Og minnkar jafnvel enn þegar nær er komið. Bláir hálfhringir úr plasti, sem tyllt er á vegg, þola enga snertingu frekar en fötur í stafla sem halla lítillaga og láta ekki mikið yfir sér. En samt draga sjónlínan og litli fötuturninn á gólfinu athygli frá verkum sem Jón Laxdal er þekktari fyrir. Þetta eru bækurnar sem hann umbreytir í hillur eða lágmyndir með og fyrir hina ýmsu hluti. Í þessum verkum sem Jón kallar *Lestur* undirstrikar hann bókartitla, gefur þeim nýja merkingu eða setur í nýtt samhengi.


Bókinni er breytt í undirstöðu þar sem hlutverk hennar og gildi felst ekki lengur í því að vera ritverk heldur hlutur. Bókahilla. Dótahilla. Jafnvel efni í hakkavél.

Teikningar Jóns frá árinu 1994 eru á sama hátt einfaldar. Nokkrar línur og einn litur. Og síðan titillinn *Tilvistsinnar* sem opnar gátt inn í margbrotinn merkingarheim. Síðan eru það *Dagbókarblöð* frá árunum 2010-2013. Rifin dagblöð og úrklippur úr gömlum dagblöðum og tímaritum. Hvít málning í ramma. Knöpp form og endurteikningar. Hnitmiðaður einfaldleiki byggður á magni. Annað slíkt verk og þá annars eðlis er *Áning*. Safn silfur- og

gulllitaðra flipa af áldósum sem safnað er saman í sitt hvort hólf kassa sem liggur opinn á gólfinu. Bæði kassahólfín eru full af flipum, silfurlituðum öðrum megin, gylltum hinum megin. Framsetningin vekur upp hugrenningatengsl við fjársjóðskistur fullar af gulli og silfri, en framan við kassann liggja uppstækkuð eintök af flipunum eins og lágmynd á gólfi. Eða lógó. Það er ekki venja að tengja ljóðrænu við pólitík en hún marar undir yfirborðinu í *Dagsverki* (2007) sem samanstendur af röð af skóflum, *Alþingiskantötu* (2016) sem gerð er úr hræivélaskál úr stáli með sleif, og sem lyft er undir með hnausþykkri alfræðibók, eða *Vegg* (2016) sem búið er að þekja skipulegri röð 12.000 negldra

nagla – samkvæmt talningu skólabarna. Bókstaflaga verk sem skírskota í samfélagsástand og koma róti á hugann. Kveikja umræðu. Líkt og listamaðurinn geti ekki skotið sér undan því að hafa skoðun á samtímanum og segja eitthvað um ástandið. Þannig eru líka ljóð. Þau láta sér ekki standa á sama. Hafa mögulega aldrei getað látið sér standa á sama.

Ferill Jóns Laxdal sem myndlistarmanns nær aftur til ársins 1982, en elstu verkin á sýningunni voru frá árinu 1994. Henni var því ekki ætlað að gefa tæmandi yfirlit yfir feril listamanns og því ekki lögð áhersla á að undirstrika hvernig verk hans hafa þróast. Sýningin *...úr rústum og rusli tímans* var að þessu leyti knöpp eins





og verkin, og án mikilla útskýringa, nema þeirrar sem finna má í titlinum. Það má auðvitað spyrja hvort safnið sé að bregðast miðlunarhlutverki sínu með því að forðast að draga fram merkingu eða hvort það sé að sinna því með því að ganga í takt við listamanninn og leyfa verkunum að standa eins og þau komu fyrir. Það má einnig velta því fyrir sér hvort hógværðin hafi verið of mikil því merkingar verka voru hafðar lítt áberandi og fóru framhjá mér í fyrstu heimsókn. Þetta voru glærir límmiðar með áprentuðum titlum sem voru í það mikilli fjarlægð frá verkunum að auðvelt var að láta þá fara framhjá sér. Kosturinn við merkingarnar var reyndar sá að þær tóku ekkert frá verkunum eins og stundum gerist þegar slíkar merkingar eru of áberandi og skýringar fyrirferðamiklar. Hins vegar skipta titlar verka Jóns Laxdal máli. Þeir eru mikilvægur hluti verkanna á sama hátt og heiti ljóðs er hluti af ljóðinu. Verkin eiga það líka sameiginlegt með ljóðum að láta lítið yfir sér en ljúka upp víðfeðmri innri veröld. Þessi veröld býr ekki aðeins í verkunum sjálfum heldur einnig í áhorfandanum. Það má því segja að látlaus uppsetning sýningarinnar hafi gefið sýningargestum svigrúm fyrir persónulegt stefnumót verks og áhorfanda. Safnið reyndi ekki að þrengja sér inn í samtalið og að þessu leyti var sýningin í heild sinni sterk á sama hátt og einstök verk.





Sólin vekur mig snemma á morgnana á Neue Bahnhofstrasse 27 og þá er gott að skriða inn í eldhússkuggann og fá sér kaffibolla. Fimmtán dagar eru liðnir, fyrstu vikur fyrirhugaðrar mánaðardvalar í Berlín. Ég tók ekkert sérstakt með mér og hóf ferðalagið nærri tómhent af verkfærum til að koma heim með nýjar hugmyndir, nýjar nálganir og aðferðir. Þrjátíu dagar ætti

að vera nægur tími fyrir eina litla lífstíð í Berlínarborg. Fyrsta daginn biðu nýju heimkynnin mín fyrir utan lestarstöðina og aðkoman var auðveld, sögu líkust. Lítil heimur, stór dagur. Í fyrsta skipti í langan tíma settist ég um borð í flugvél til að fara á brott til útlanda í algerlega frjálsa verkefnasköpun, laus við ys og þys verkefna í Reykjavík. Ég hef aldrei komið til Berlínar,

aldrei dvalið í residen-síu og hér er ég auður strigi án titils.

Á komudaginn smakkaði ég minn fyrsta kebab af mörgum og brunaði svo beinustu leið af stað á viskíbar í Kreuzbar þar sem Snorri Páll skáld var að vinna. Sá leiðangur tæki fimmtán jarðmínútur fyrir Berlínarbúa en tók fjórar klukkustundir fyrir undirritaða. Ég lagði tómhent af stað á Pawlos Whiskey Bar

og kom smekkkfull til baka af andagift listagyðjunnar góðu sem hélt í höndina á mér á leiðinni heim í Friedrichshain. Dagurinn var gefandi og bar með sér ferskan blæ af þeim möguleikum sem felast í að fara að heiman til að dýpka og efla þann kraft sem býr í ferðalaginu. Fyrstu vikuna hélt ég uppi þeirri venju að villast rækilega til að sjá hvað myndi reka óvænt á fjórum

Andrúmi

Freyja Eilíf í Berlín

Frá árinu 2010 hefur SÍM haft gestavinnustofu í Berlín á leigu fyrir félagsmenn SÍM. Gestaherbergin eru tvö, Askja og Hekla. Gestavinnustofan er staðsett í Friedrichshain sem er lifandi hverfi. Þar býr fjöldi listamanna og hönnuða. Hverfið er iðandi af börum, kaffihúsum, veitingastöðum og skemmtilegum verslunum.

Stjórn SÍM ákvað að setja af stað tilraunaverkefni og bjóða tveimur ungum félagsmönnum að dvelja frítt í gestavinnustofu SÍM í Berlín árið 2016.



Ljósmynd Sólbjört Vera Ómarsdóttir

mínar. Að rammvillast getur auðveldlega fært manni miðjupunktinn sem vantar á strigann. Þó slíkt sé tímasóun þess sem leitar á áfangastað þá er það hugsanlega fjársjóðsfundur þess sem leitar hugmynda í nýju umhverfi. Þannig hef ég leikið mér þessa fyrstu daga þangað til ég sótti mér jarðtengingu í formi þýsks símakorts og gat skoðað aftur í andakt þann hliðarheim sem við mennirnir iðkum og kallaður er stafrænn og skilvirkur. Þá var ég komin í „net“samband við veröldina og gat iðkað fimleik nútímamannsins og vonast eftir að þessir tveir heimar myndu snertast. Skilvirkni og stefnulaust ráf, andi og líkami, jörð og list. Beina leið frá A-B, alveg öfugt eða annað hvort, skipulag er hvort eð er stranglega bannað rétt á meðan þessi vinna er í gangi og hver dagur er spuni þess sem gerist í flæði.

Eftir tvær vikur er hið óræða rými andans orðið krökkt af kukli hinnar frjálsum og óháðu

gyðju listarinnar og ekki er hægt að kvarta undan vinnuaðstöðunni í Friedrichshain, hún er rúmgóð og hér rætist draumur hins óskipulagða sköpunarferlis. Hér hef ég getað slakað á taumi vinstra hvelsins og leyft hugsununum að leggja frjálst á hægra hvelið. Að geta bókstaflega sofið á verkunum sínum er nýnæmi á skrifstofu auða strigans, verkin eða verkið eru það síðasta sem ég sé að kvöldi og það fyrsta sem ég sé að morgni. Jafnvel þó að í draumi sé listin ósýnileg verður hún áþreifanleg í vöku. Svokölluð uppspretta hugmyndaflugs og hvorki síminn né dyrbjallan hringir. Friður og list að eilífu, amen.

Þegar sköpunarkrafturinn fær að ráða ferðinni dvelur höfuðið í skýjunum og fæturnir hlýða því sem listin krefur þá um. Þetta undarlega ástand yfirtekur þungan fótgang þess veruleika að trúá því að einungis það sem þú snertir sé það sem er til, og raðar af öryggi ósnertanlegum hugmynd-

um á auðan strigann þótt hann sé enn án titils. Striginn er himinn, haf, eldur, jörð og ég.

Meðan ég sat á kaffihúsi með stílabók og rauðvínsdreitil í hönd að leggja drög að þessum pistli varð mér ljóst hversu mikils þessi dvöl er metin af þeim öflum sem ráku mig til þjónustu við listina í upphafi. Lengd hennar er eins og miði fram og til baka í undirdjúp sálarinnar þegar hún leggur sig fram við að sanna tilvist sína. Mér hefur verið hugsað til bátsferða um ána Styx, en þau hugrenningatengsl ná allt frá málverkum gömlu meistaranna og yfir til Þorvalds Þorsteinssonar, rithöfundar og myndlistarmanns. Ástæðan er lítil saga sem hann sagði og ég endursegi eftir minni. Þá var Þorvaldur í myndlistarnámi í Hollandi og hafði málað og skapað eins og berserkur án nokkurrar aðdáunar lærimeistara síns. Þegar hann innti meistara sinn eftir því hvað olli áhugalessi hans fékk hann frá

honum ráð um að taka með sér minnisbók og blýant, ráfa um borgina, setjast á kaffihús og fylgjast með fólkinu. Finna fyrir sjálfum sér og fyrir blóðinu sem væri að knýja hans pumpu. Þessa sögu braut ég saman og setti í rassvasa hugar míns fyrir brottför.

Það er mér nú sem aldrei fyrr ofarlega í huga hversu lánsöm ég er að fá tíma og rúm til að sinna því sem ég elska mest. Listinni og því lífi sem knýr hana áfram, þeim fyrirheitum sem listin skilur eftir sig um betri heim og frásagnir af þeim heimi sem við lifum í þessa stuttu stund sem við dveljum hér á jörðu. Bátsferðin er lærdómsrík. Mánuður í ormagryfju hins andlega og efnislega. Niðurstaðan er víðtæk. Það er skyldumæting til Berlínar einu sinni á hringferð lífstíðar hvers listamanns.

Textinn er unninn úr punktum sem voru skrifaðir hér og þar um Berlínarborg dagana 2.-15. mars.





VEI, ÞÉR FALLNA BORGUN!

Eiríkur Örn Norðdahl

Þráttað: 1. lota


Gæti ég skrifað fimm til átta hundruð orð um mikilvægi þess að píparar fái greitt fyrir vinnu sína án þess að hljóma einsog fífl? Ef ég færi nú að rekja sögur þess efnis að pípari sem ég þekkti væri alltaf að tékka á lögnum fyrir fólk sem ætlaði alls ekki að greiða honum fyrir vinnu sína í öðru en aðdáun á handbragði og kannski fríu kaffi. Og þessi pípari nyti þess vel að merkja að láta dást að verkum sínum – eiginlega væri samt stærsta borgunin oft verkið sjálft – og hann léti því iðulega tilleiðast að pípa frítt fyrir fólk. Annars fengi hann kannski aldrei tækifæri til að nýta hæfileika sína, stunda iðn sína – þá fengju bara hinir pípararnir allt píperíð. Hvað mynduð þið segja þá?

Mynduð þið ekki segja að vinur minn píparinn væri meðvirkur aumingi að láta fara svona með sig? Maður spyr sig hvaða undirliggjandi geðveilur geti legið þarna að baki? Er píparinn svona átakafælinn? Er þetta eintómur hégómi sem drífur hann áfram? Hver heldur þessum iðjuleysingja á floti? Mikið hlýtur píparinn að vera vel giftur.

Hvernig hefur píparinn efni á því að fara í leikhús ef hann fær sjálfur ekki borgað nema í kannski þriðjungi tilvika og þá yfirleitt langt undir taxta – og hrósar happi. Þeir hafa það ekki svona gott pípararnir í Súðavík; þeir mega heita góðir ef þeir ná að pípa svolítið í frístundum á kvöldin. Víðast hvar er pípun náttúrulega bara hobbí.

Þráttað: 2. lota

Mér hefur verið boðið að koma keyrandi til Akureyrar (frá Stykkishólmi) á eigin kostnað til þess að lesa upp í hádeginu fyrir fría súpu (af batteríi sem er styrkt af öllum helstu stórfyrirtækjum landsins, auk ráðuneyta og bæjaryfirvalda). Mér er mjög reglulega boðið að fara í aðra eins leiðangra frá Ísafirði (þar sem ég á alla jafna heima) til Reykjavíkur. Útgefandinn minn borgar mér ekki krónu fyrir að lesa upp á þeim viðburðum sem hann skipuleggur (frekar en margar aðrar stofnanir, opinberar og einkareknar). Tryggingin sem hann borgar mér – fyrirframgreiðslan fyrir útgáfu bókar – er ekki upp í nös á ketti. Meira að segja stéttarfélagið mitt greiðir mér ekki nema sirka helming af sínum eigin



taxta fyrir að koma fram á vegum þess. Stundum er ég spurður hvað ég vilji fá greitt og ég svara: nei nei, hafðu engar áhyggjur af því, við erum öll í þessu ölduróti saman, geymdu bara peningana þína. Ég veit ekki hver tekur mark á því að ég eigi ekki fyrir reikningum eða hverjum það kemur við að í gær fékk ég synjun á bæði kortin mín í Samkaup og fór heim matarlaus.

Þráttað: 3. lota

Dæmið er þekkt – þessi viðsnúningur – píparinn er listamaður og listamaðurinn pípari. En það fellur líka um sjálft sig. Því það að vera pípari er ekki að vera rithöfundur. Það er ekki heldur að vera myndlistarmaður. Það er ekki einu sinni að vera trúbador. Listin hefur ekki einvörðungu praktískt gildi, hún er ekki fyrst og fremst iðn. Hún er helg, hún er ritúal, hún er í þjónustu fegurðar og sannleika, gleði og sársauka. Og henni er ætlað að gæða lífið sem við lifum – og viðhöldum með praktískum aðferðum einsog fiskveiðum og pípulögnum – einhverri merkingu og göfgi. Listin á

að umbreyta tilgangslausu sýsifosarhjakki mannsins í eitthvað stærra.

Sá sem stundar list sem hobbí fæst við að gæða sitt eigið líf tilgangi og skuldar engum neitt; en sá sem hefur helgað listinni líf sitt skuldar öllum allt og heiminum sjálfan sig. Og hann skuldar ekki vegna þess að hann hafi tekið heldur vegna þess að hann hefur gefið – hann á sig ekki lengur og getur einskis krafist.

Þráttað: 4. lota

Það fremur enginn list til þess að fá greitt fyrir það. Og það neitar enginn – sem á annað borð hefur nokkra tilfinningu fyrir merkingu listarinnar – neinum um aðgengi að listum á þeirri forsendu að viðkomandi geti ekki greitt. Þess vegna erum við með bókasöfn. Þess vegna rekum við ríkis-sjónvarp og ríkisútvarp. Þess vegna bloggum við, youtubum, krotum á veggum og lesum ljóð á börum á síðkvöldum. Til þess að gæða lífið merkingu og sú merking á að hafa sem minnst með krónur og aura að gera.

Þráttað: 5. lota

En. Listamenn þurfa að borga leigu. Listamenn þurfa að kaupa í matinn. Þeir þurfa að borga sömu reikninga og píparar. Þeir lifa ekki á hugsjónum sínum og eiga ekkert frekar en aðrir skilið að liggja hungraðir í götunni (les: vera á vanskilaskrá). Það er sagt að það sé ekkert líf án listar, en þá er aðallega verið að meina að heldur tilgangslaus sé að vera til án hennar. En það er bókstaflega ekkert líf ef maður étur ekki. Þá bara deyr maður.

Það sem ég er að reyna að segja er þetta: á borðinu fyrir framan mig er reikningur frá pípara upp á tvöföld mánaðarleg listamannalaun mín og kortin mín eru bæði lokuð.

Og þetta er sem sagt ákveðið vandamál.

Framlagssamningurinn (drög)

Jóna Hlíf Halldórsdóttir

Smelltu hér
til að sjá
drögin

Kynning á drögum að framlagssamningi stendur nú sem hæst. Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður SÍM, og Ásdís Spanó verkefnastjóri hafa verið að kynna drög að samningi um þátttöku og framlag listamanna til sýningarhalds. Við gerð draganna leit starfshópurinn til sænska MU (Medverkende og utställningsersättning) samningsins, en árið 2009 skrifaði sænska ríkið undir samning um þóknun til listamanna sem sýna verk sín í opinberum listasöfnum í Svíþjóð. Slík þóknun bætist við greiðslur fyrir flutning, uppsetningu og

útgáfu á efni fyrir sýningarlistamannsins. Í samningnum er kveðið á um að greiða þurfi sérstaklega fyrir alla vinnu sem listamenn taka að sér vegna sýningarhalds fyrir, eftir og meðan á sýningu stendur. Gera skal skriflegan samning um þau atriði sem greiða þarf laun fyrir, samkvæmt taxta samningsins, ásamt því að greiða þóknun fyrir sýnd verk. MU-samningurinn hefur verið fyrirmynd sambærilegra samninga í Noregi og Danmörku. Unnið er að gerð samninga í Finnlandi og Austurríki, með MU-samninginn að leiðarljósi.





Frá sýningu Berglindar Jónu Hlynsdóttur


Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Nýlistasafnið, Listasafnið á Akureyri, Hafnarborg, Gerðarsafn, Listasafn Árnesinga og Listasafn Reykjanesbæjar gerðu kostnaðargreiningu miðað við sýningardagskrá 2015 og er kostnaður safnanna við að fara eftir framlagssamningnum í kringum 100 milljónir. Það er vitað mál að listasöfn á Íslandi hafa ekki bolmagn til að mæta auknum kostnaði. Þess vegna þurfa þeir sem vinna í starfsumhverfi myndlistar-

innar að vinna saman sem ein heild; svo að breyta megi viðteknum venjum til hagsbóta fyrir báða aðila. Nauðsynlegt er að ríki og sveitarfélög veiti auknu fjármagni til málefna myndlistarinnar, svo hægt verði að innleiða framlagssamninginn.

Samningurinn hefur verið kynntur ýmsum hagsmunaaðilum á árinu 2016 og má þar nefna mennta- og menningarmálaráðuneytið, menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar og jafn-

framt stendur til að kynna samninginn fyrir Sambandi íslenskra sveitarfélaga á næstu dögum.

Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður SÍM, hafði samband við Baldvin Ringsted, Berglindi Jónu Hlynsdóttur, Ingvar Högnarson og Ragnhildi Jóhanns en þau voru öll með einkasýningu á árinu. Jóna Hlíf bað listamennina að svara nokkrum spurningum sem snúa að samningsgerð og þóknun til listamanna.



Frá sýningu Ragnildar Jóhanns

Framlagssamningurinn (drög) svart á hvítu

Sýning Baldvins Ringsted Snarstefjun, Annar Hluti: Bárujárnsárin


*Nafn: Baldvin Ringsted
Býr og starfar í Glasgow*

*Starfstíll:
Myndlistarmaður/
tæknimaður*

*Menntun:
Myndlistaskólinn á Akureyri,
MFA Glasgow School of Art*

*Nafn á sýningu:
Snarstefjun, Annar Hluti:
Bárujárnsárin*

*Sýningarstaður:
Listasafnið á Akureyri*



Ljósmyndir Daníel Starrason



Hversu lengi stendur/stóð sýningin? 15 daga

Gerðir þú nýtt verk fyrir sýninguna? Já

Hvað áætlaðu að það hafi tekið langan tíma að vinna verkið í heild, þ.e. hugmynda- vinna, rannsóknarvinna, vinna við gerð verkanna o.s.frv.?

Erfitt að svara þessu. Hugmynda- og þróunarvinna er stöðugt í gangi, t.d. tók ég upp efni sem ég notaði í vídeóið fyrir u.þ.b. ári síðan. Ég hef líka verið að vinna og þróa myndir líkar þeim sem voru sýndar þarna í langan tíma. En beina tæknilega vinnu við þessi verk (myndvinnsla í tölvu, stúdíóvinna, smíði og samsetning) væri hægt að taka saman í eina til tvær vikur í fullri vinnu.

Gerði listasafnið samning við þig? Já

Var samningurinn munnlegur eða skriflegur? munnlegur og í gegnum tölvupóst.

Innihélt samningur ákvæði um greiðslu til þín og ef svarið er já, hversu há var greiðslan? Var greiðslan sundurgreind eftir verkþáttum, t.d. vegna efniskostnaðar, uppsetningar, sýningarþóknun o.s.frv.? Greiðsla var 40.000 krónur og var sýningarþóknun.

Hversu marga klukkutíma tók að setja upp sýninguna? Fékkstu greitt tímakaup fyrir uppsetninguna? Ef já, hvað var tímakaupið og var það verktakagreiðsla? 6 tíma. Fékk ekki tímakaup.

Hversu há var efniskostnaður? U.þ.b. 60 þúsund en heildarkostnaður við svona sýningu hefði þó orðið mun meiri ef ég hefði ekki fengið hjálp og greiða frá vinum og fjölskyldu, s.s. akstur, gistingu, upphald, myndatöku, hljóðvinnslu o.s.frv.

Fékkstu greitt fyrir efniskostnað vegna sýningarinnar? Nei

Ertu á listamannalaunum? Nei

Fékkstu opinbera styrki til að halda sýninguna (t.d. frá Myndlistarsjóði, Myndstef, Reykjavíkurborg, listamannalaunum eða annars konar styrk frá ríki)? Nei

Innihélt samningur skilyrði um að standa fyrir listamanna-spjalli og ef já, færðu/fékkstu greitt sérstaklega fyrir spjallið? Nei

Voru verkin þín tryggð hjá listasafninu á meðan sýningin stóð yfir? Nei

Fékkstu greiddan ferðakostnað? Listasafnið bókaði og borgaði fyrir flug fram og til baka frá Reykjavík. Ég bar annan kostnað sjálfur; flug fram og til baka frá Glasgow (36.620 kr) með aukatösku undir verk (5.440 kr) og rútuferðir Kef-Rvk (4.400 kr).

Samkvæmt drögum að Framlagssamningnum hefði Baldvin Ringsted átt að fá **258.460 kr.** fyrir að vera með einkasýningu í Listasafninu á Akureyri, en fékk **53.500 kr.**

Greiðslan samkvæmt drögum að Framlagssamningnum sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Þóknun **80.000 kr.**

Vinnuframlag **39.000 kr.**

50% álag á vinnuframlag **19.500 kr.** (þurfi listamaður að dveljast fjarri heimili yfir nótt greiðist 50% álag)

Um er að ræða verktakagreiðslu og ber listamanninum að greiða ca. 40% í launatengd gjöld og lífeyrissjóð af þóknuninni og vinnuframlaginu. Má þá gera ráð fyrir að eftir standi **83.100 kr.**

Heildarefniskostnaður **60.000 kr.**

Ferðakostnaður **59.960 kr.**

Sýning Ragnhildar Jóhannns, *Diktur*

Nafn:
Ragnhildur Jóhannns
Býr og starfar í Reykjavík

Starfstitill:
Myndlistarmaður

Menntun:
BA-gráða í myndlist

Nafn á sýningu:
Diktur

Sýningarstaður:
Hafnarborg

Hversu lengi stendur/stóð sýningin?
6 vikur, 23. janúar - 6. mars 2016

Gerðir þú nýtt verk fyrir sýninguna?
Öll verkin á sýningunni fyrir utan eitt voru unnin sérstaklega fyrir sýninguna en það var ég sem ákvað að vinna þannig. Hafnarborg skipti sér ekki mikið af því hvað ég ætlaði að sýna.

Hvað áætlaðu að það hafi tekið langan tíma að vinna verkið í heild, þ.e. hugmyndavinna, rannsóknarvinna, vinna við gerð verkanna o.s.frv.?
Gróflega áætlað var þetta þriggja mánaða vinna í heildina ef ég yfirfæri vinnuna á dagvinnutíma og 100% vinnu. Vinnan dreifðist þó yfir mun lengra tímabil og var að stórum parti unnin að kvöldi til og um helgar.

Gerði listasafnið samning við þig?
Nei, ekki skriflegan.

Var samningurinn munnlegur eða skriflegur?

Það sem um var rætt varðandi sýninguna var allt munnlegt.

Innihélt samningur ákvæði um greiðslu til þín og ef svarið er já, hversu há var greiðslan? Var greiðslan sundurgreind eftir verkþáttum, t.d. vegna efniskostnaðar, uppsetningar, sýningarþóknun o.s.frv.?

Það var ekki gerður samningur en ég fékk greidda þóknun upp á 120.000 kr. Ég skrifaði reikning en fékk enga nótu, bara greiðsluna og þar af leiðandi var hún ekki sundurgreind.

Hversu marga klukkutíma tók að setja upp sýninguna? Fékkstu greitt tímakaup fyrir uppsetninguna? Ef já, hvað var tímakaupið og var það verktakagreiðsla?

Ég var í fjóra daga í dagvinnutíma



Ljósmyndir Ragnhildur Jóhannns



við uppsetningu sýningarinnar, það var þó ekki fullur vinnudagur, um það bil sex tímar á dag. Það var óþarflega langur tími vegna þess að smávegis fór úrskeiðis í smíðavinnunni sem dró uppsetninguna á langinn en ég hefði getað verið mun styttri tíma að þessu.

Hversu hár var efniskostnaður?

Um það bil 100.000 kr., að mestu leyti vegna ljósmyndna á sýningunni, prentunar og innrömmunar. Efniskostnaðurinn var að hluta til greiddur af Hafnarborg, sjá næsta svar.

Fékkstu greitt fyrir efniskostnað vegna sýningarinnar?

Nei, ekki í peningum en Hafnarborg gaf mér bæði

efni og vinnu smíðs sem sá um að gera tvö stærstu verk sýningarinnar. Þetta mótframlag Hafnarborgar skipti sköpum fyrir mig og þó ég geti ekki sagt hver upphæðin er þarna að baki þá er ég viss um að hún sé umtalsverð bæði í efni og vinnutíma smíðsins talið.

Ertu á listamannalaunum?

Nei, ég fékk ekki listamannalaun fyrir þessa sýningu þrátt fyrir að hafa sótt um. Ég var á launum í sex mánuði árið 2015 og ég var að klára að nýta þau þegar mér bauðst þessi sýning svo ég gat ekki sett þá peninga í sýninguna. Ég þurfti líka að taka mér frí frá vinnu til að geta gert sýninguna með tilheyrandi tekjutapi. Allan

janúarmánuð þurfti ég að minnka við mig starfshlutfallið í 50% og svo tók ég algjört frí frá vinnu í uppsetningarvikunni. Ég hrappaði því gífurlega niður í tekjum.

Fékkstu opinbera styrki til að halda sýninguna (t.d. frá Myndlistarsjóði, Myndstef, Reykjavíkurborg, listamannalaunum eða annars konar styrk frá ríki?)

Nei, ekkert stóð til boða sem hefði hentað.

Innihélt samningur skilyrði um að standa fyrir listamannspjalli og ef já, færðu/fékkstu greitt sérstaklega fyrir spjallið?

Já, mér var uppálagt að bæði standa fyrir smíðju á safnanótt sem ég fékk 20.000

kr. greitt fyrir sem og listamannspjalli sem einnig var greitt 20.000 krónur fyrir.

Voru verkin þín tryggð hjá listasafninu á meðan sýningin stóð yfir eða stendur yfir?

Ekki svo ég viti.

Fékkstu greiddan ferðakostnað?

Nei.

Samkvæmt drögum að Framlagssamningnum hefði Ragnhildur Jóhanns átt að fá **567.000 kr.** fyrir að vera með einkasýningu í Hafnarborg. Hafnarborg greiddi **120.000 kr.** í þóknun, **20.000 kr.** fyrir listamannspjall, **20.000 kr.** fyrir listasmíðju á Safnanótt og **60.000 kr.** í efniskostnað. Tækniáður á vegum safnsins vann 55 tíma við undirbúning, smíði og uppsetningu sýningarinnar.

Greiðslan samkvæmt drögum að Framlagssamningnum sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Þóknun **192.000 kr.**

Vinnuframlag **156.000 kr.**

Leiðsögn **24.000 kr.**

Listasmíðja á Safnanótt **35.000 kr.**

Um er að ræða verktakagreiðslu og ber listamanninum að greiða ca. 40% í launatengd gjöld og lífeyrissjóð af þóknuninni og vinnuframlaginu, má þá gera ráð fyrir að eftir standi **244.200 kr.**

Heildarefniskostnaður **160.000 kr.**

Sýning Berglindar Jónu Hlynsdóttur: *Class divider*

**Nafn: Berglind
Jóna Hlynsdóttir**

**Býr og starfar í
Reykjavík.**

**Starfstíll:
Myndlistarmaður**

**Menntun: Lauk BA
gráðu frá Lista-
háskóla Íslands
2006 og MA gráðu
frá Valand School
of Fine Arts í
Svíþjóð árið 2010.**

**Nafn á sýningu:
Class Divider**

**Sýningarstaður:
Listasafn Reykja-
víkur, Hafnarhús**

*Hversu lengi stendur/stóð
sýningin? 3. mars – 10. apríl
2016 eða í 5 vikur.*

*Gerðir þú nýtt verk fyrir
sýninguna? Verkið er ný
innsetning á gömlu verki.
Rannsóknin hófst 2010 og
hreyfiskúlptúrinn var sýndur
í Konsthal í Gautaborg.
Þar fékk ég ekki greiddan
efniskostnað og var ekki á
launum þegar ég vann að
verkinu. Fyrir þessa inn-
setningu í Hafnarhúsinu
framleiddi ég ljósmynda-
verk, límmiða og vídeóverk
sem höfðu ekki verið sýnd
áður auk þess að endurfram-
leiða innsetninguna með
safninu.*

*Hvað áætlaðu að það hafi
tekið langan tíma að vinna
verkið í heild, þ.e. hugmynda-
vinna, rannsóknarvinna,
vinna við gerð verkanna
o.s.frv.?*

*Rannsóknar- og hugmynda-
vinna stóð yfir í rúmlega
sex mánuði. Úrvinnsla og
framkvæmdarvinna vegna
verksins tók tvo mánuði.
Vinna að þessari sýningu
tók tvo mánuði.*

*Gerði listasafnið samning við
þig?
Já, skriflegan samning.*

*Innihélt samningur ákvæði
um greiðslu til þín og ef
svarið er já, hversu há var
greiðslan? Var greiðslan sundur-
greind eftir verkþáttum, t.d.*

*vegna efniskostnaðar, uppset-
ningar, sýningarþóknunar
o.s.frv.?*

*120.000 kr. er upphæðin
sem er eyrnamerkt sýningu-
inni. Listamaður fær auk
þess afnot af þeim sýningar-
og tæknibúnaði sem safnið
hefur til afnota á sýningar-
tímanum og fær tæknimann
í uppsetningu í þrjá daga.
Listamaður ræður hvort
hann notar þessa upphæð í
efniskostnað eða fær hana
sem laun. En þar sem heildar-
upphæðin er langt undir því
sem listamenn eyða venju-
lega í sýningu þá er mjög
óraunhæft að listamaður
fái nokkur laun. Sjá minn
kostnað fyrir neðan.*

*Hversu marga klukkutíma
tók að setja upp sýninguna?
Fékkstu greitt tímakaup fyrir
uppsetninguna? Ef já, hvað
var tímakaupið og var það
verktakagreiðsla?*

*Innsetningin var flókin.
Vinna hófst á mánudeginum
22. febrúar, þá er verið að
taka niður aðra sýningu og
síðan er hafist handa við að
setja upp sýninguna. Unnið
er fram á opnunardag 3.
mars, um það bil 9 daga.*

*Það var staðið ótrúlega vel
að uppsetningu verksins af
hálfu safnsins. Þrír tækni-
menn/sýningarhönnuðir
frá safninu unnu að þessu
yfir þennan tíma. Stundum
saman, stundum einn í einu.
Erfitt er að reikna nákvæm-*

*an tímafjölda en þeirra
vinna fór langt fram úr þeim
þremur dögum sem gert er
ráð fyrir. Sérhæfður tækni-
maður var fenginn til að
yfirfara hreyfiverkið og öll
vinna var unnin af natni.*

*Ég sinnti uppsetningunni og
lokaútfærslum fyrir rýmið
og tengd verk alla þessa
virku daga fram að opnun.
Ég fékk hjálp frá fjölskyldu-
meðlimi til að mála auka
umferð part úr laugardegi,
til að flýta fyrir.*

*Ég fékk ekki sérstaklega greitt
tímakaup fyrir uppsetningu.*

*Hversu hár var efniskostnaður?
Það er svolítið flókið að
svara þessu þar sem ég var
nýbúin að opna sýninguna
þegar þessi fyrirspurn barst.*

*Fyrir hreyfiskúlptúrinn,
mótor og skynjara, víra og
annað sem nýttist aftur í
þessari sýningu greiddi ég
á sínum tíma um það bil
300.000 kr.*

*154.522 kr. hef ég greitt auka-
lega fyrir gerð sýningar-
innar í Hafnarhúsinu 2016.
Þessi kostnaður er mun
lægri en allar mínar kostn-
aðaráætlanir gerðu ráð fyrir,
þar sem ég hreinlega hafði
ekki efni á að eyða meiru
og náði að gera það ódýr-
ara með ýmsum greiða og
hagræðingu. Slík hagræðing
eykur álag og þann tíma sem*



Það tekur að vinna verkið. Greiðar eru vinna og kostnaður sem aðrir eiga inni hjá þeim sem þá fá.

Síðan er kostnaður sem safnið bar en þar á ég eftir að fá lokatölur. Líklega fer stór hluti af áðurnefndum 120.000 kr. upp í þann kostnað. Safnið og tæknimenn þess gerðu allt sem þau gátu til að nýta efni og vinnu eins vel og mögulegt var mér og verkinu í hag; byggðir voru tveir veggir og þeir sparslaðir og málaðir, og gerðir voru ótal lím-miðastafir sem eru hluti af innsetningunni. Fyrir utan þennan kostnað greiddi safnið líka sendiferðakostnað fyrir verkið og útvegaði tæknimann sem var sérhæfður í að yfirfara rafmagns-/hreyfiverk. Þrír tæknimenn/sýningahönnuðir komu að gerð verksins fyrir utan sýningastjóra og kynningarfulltrúa og aðra sérhæfða starfsmenn safnsins sem gera svona

sýningu að veruleika.

Heildarkostnaður verksins er allt að: 575.000 kr.

Mér finnst mjög mikilvægt að taka fram að fyrir utan þennan kostnað er launalaus vinna tveggja tónlistarmanna, arkitekts, saumakonnu, við vídeó vinnslu og ráðgjöf og aðstoð ótal aðila, ekki síst endalaus aðstoð fjölskyldu, vina og vandamanna.

Fékkstu greitt fyrir efniskostnað vegna sýningarinnar?
Listamaður fær 120.000 kr. sem má nýta sem laun eða efniskostnað. Sjá ýtarlegt svar hér fyrir ofan.

Ertu á listamannalaunum?
Nei ég fékk engin listamannalaun 2016. Á árinu opna ég sjö staðfestar sýningar (sex ólík verk) með viðurkenndum listastofnunum á Íslandi og erlendis. Flestar þessar stofnanir eru opinberar stofnanir fjármagnaðar af ríki eða borg, aðrar eru

sjálfstæðar en njóta einhverra opinberra styrkja vegna reksturs. Sum verkefni eru fjármögnuð í gegnum opinber styrktarkerfi. Ekkert þeirra gerir ráð fyrir raunverulegum launum miðað við þann tíma sem verkefni taka. Sum þeirra gera ráð fyrir raunhæfum efniskostnaði. Allt eru þetta ótrúlega metnaðarfull og áhugaverð verkefni, tækifæri til að framleiða ný verk og vinna í mikilvægu skapandi samstarfi og þróa minn feril sem myndlistarmaður hérlendis og erlendis. Ég get ekki sinnt fullu starfi með þeirri vinnu sem þessar sýningar taka, ég hef sinnt kennslu í hlutastarfi og reynt að lifa af alls konar íhlaupa- og verk-takavinnu til að ná endum saman, auk þess að þurfa að reida mig á stuðning fjölskyldumeðlima, lukkuna og loftið.

Fékkstu opinbera styrki til að halda sýninguna (t.d. frá Myndlistarsjóði, Myndstef,

Reykjavíkurborg, listamannalaunum eða annars konar styrk frá ríki?)

Nei ég fékk enga opinbera styrki til að gera þessa sýningu.

Innihélt samningur skilyrði um að standa fyrir listamannaspjalli og ef já, færðu/fékkstu greitt sérstaklega fyrir spjallið?
Já spjallið var 31. mars en fór fram í gegnum skype þar sem ég var stödd í Brasilíu. Það er innfalið í áðurnefndri upphæð, 120.0000 kr.

Voru verkin þín tryggð hjá listasafninu á meðan sýningin stóð yfir eða stendur yfir?

Ég er ekki með samninginn fyrir framan mig en ég tel svo vera. Ég býst við því að safnið myndi greiða fyrir viðgerðarkostnað á þeim.

Fékkstu greiddan ferðakostnað? Á ekki við.

Samkvæmt drögum að Framlagssamningnum hefði Berglind Jóna Hlynsdóttir átt að fá 1.483.777 kr. fyrir að vera með einkasýningu í Listasafni Reykjavíkur. Listasafn Reykjavíkur greiddi 108.255 kr. í efniskostnað og 188.000 kr. vegna vinnu tæknimanna við upphengi og smíði á veggjum.

Greiðslan samkvæmt drögum að Framlagssamningnum sundurlíðast á eftirfarandi hátt:

Þóknun 240.000 kr.

Vinnuframlag 468.000 kr.

Listamannaspjall 24.000 kr.

Um er að ræða verktakagreiðslu og ber listamanninum að greiða ca. 40% í launatengd gjöld og lífeyrissjóð af þóknuninni og vinnuframlaginu. Má þá gera ráð fyrir að eftir standi 439.200 kr.

Heildarefniskostnaður 563.777 kr.

Vinna tæknimanna við upphengi og smíði á veggjum 188.000 kr.

Ingvar Högni Ragnarsson: Uppsprettur

**Nafn: Ingvar Högni
Ragnarsson**

Býr og starfar í Reykjavík.

**Starfstíll:
Myndlistarmaður**

**Menntun: BA-gráða í
myndlist og heimilda-
ljósmyndun**

**Nafn á sýningu:
Uppsprettur**

**Sýningarstaður:
Gerðarsafn**

Hversu lengi stóð sýningin?
Frá 15. janúar til 27. febrúar 2016
eða 6 vikur.

Gerðir þú nýtt verk fyrir sýninguna?
Ég hafði aldrei sýnt þetta verk á
Íslandi áður og þessi sýning var
unnin inn í rými Gerðarsafns.
Með þeim hætti vann ég að nýrri
sýningu fyrir Gerðarsafn þó að ég
hafi átt efnið til og unnið að því
sumarið áður í Rúmeníu.

*Hvað áætlaðu að það hafi tekið
langan tíma að vinna verkið í heild,
þ.e. hugmyndavinna, rannsóknar-
vinna, vinna við gerð verkanna o.s.frv.?*
Upphafið að verkefninu á sér stað
árið 2014 þannig að undirbúningur
hófst þá, en samanlögð vinna
að þessari sýningu eru tæpir sex
mánuðir með rannsóknarvinnu,
ferðalögum, frágangi mynda og
texta ásamt vinnu við gerð sýn-
ingarinnar og uppsetningu hennar.
Gerði listasafnið samning við þig?
*Var samningurinn munnlegur eða
skriflegur?*
Það var gerður samningur við mig

vegna sýningarinnar og hann var
skriflegur.

*Innihélt samningur ákvæði um
greiðslu til þín og ef svarið er
já, hversu há var greiðslan? Var
greiðslan sundurgreind eftir verk-
þáttum, t.d. vegna efniskostnaðar,
uppsetningar, sýningarþóknun
o.s.frv.?*

Í samningnum voru engin fyrir-
heit um greiðslur eða laun, hann
innihélt skuldbindingar mínar
við safnið hvað varðar að skila af
mér efni í sýningu og vera með
listamannaspjall. Safnið tók fram
sitt hlutverk og ábyrgð. Það trygg-
ir verkin og annast uppsetningu
sýningar, sér um kynningarmál og
almennt utanumhald.

Meðan á sýningunni stóð bættist við
grunnámskeið í ljósmyndun fyrir
unglinga sem ég hélt í tengslum við
sýninguna í Gerðarsafni og starfs-
daga í grunnskólum Kópavogs.
Þetta var ekki hlutu af upphaflegum
samningi en eitthvað sem var
ákveðið í samstarfi við Gerðarsafn.





Námskeiðið stóð yfir 6 klukkutíma sem skiptist niður á 2 daga og fjöldi nemenda var 15. Fyrir þetta námskeið fékk ég geitt 30.000 kr. en námskeiðið sjálft var gjaldfrjálst fyrir þáttakendur. Undibúningur vegna námskeiðs var hálf vinnuvika

Hversu marga klukkutíma tók að setja upp sýninguna? Fékkstu greitt tímakaup fyrir uppsetninguna? Ef já, hvað var tímakaupið og var það verktakagreiðsla?

Sýningin mín var frekar einföld í uppsetningu en það getur verið mjög misjafnt eftir eðli sýninga. Þetta tók 4-5 klukkutíma og verktakar voru ráðnir til verksins af hálfu safnsins. Ég fékk engin laun greidd fyrir uppsetningu.

Hversu hár var efniskostnaður? Ef verkefnið í heild er tekið með í reikninginn en ekki bara kostnaður við prent-

un verka vegna sýningarinnar þá er hann á bilinu 1.250.000 kr. - 1.500.000 kr. En kostnaður vegna sýningarinnar var 280.000 kr. og var ódýrasta leiðin valin, prent sem negld voru beint á vegginn, engir rammar eða önnur efni því það hefði margfaldað efniskostnað sýningarinnar sem listamaðurinn þarf að standa undir. Ef mörg verkefni eru framundan verður að velja og hafna þegar kemur að framsetningu og kostnaði.

Fékkstu greitt fyrir efniskostnað vegna sýningarinnar? Það var ekki greiddur efniskostnaður vegna sýningarinnar en það var gert samkomulag um að safnið prentaði stór prent á strigaefni og borgaði þann kostnað. Sá kostnaður var 69.000 kr. án vsk. Annar kostnaður féll á listamanninn.

Ertu á listamannalaunum? Ég fékk úthlutaða þrjá mánuði í listamannalaun en það var vegna annara verkefna. Ég var ekki á listamannalaunum við vinnslu sýningarinnar Uppsprettur eða þegar ég var að vinna að verkefninu í Rúmeníu. Þannig ég þurfti að taka mér frí úr vinnu til að geta sint þeim verkefnum með tilheyrandi tekjutapi. Listamannalaunin sem ég fékk að þessu sinni munu nýtast í undirbúning og framkvæmd verkefna í Grikklandi, Pólandi og Úkraínu, ásamt verkefni hérna á Íslandi. Listamannalaun gera mér kleift að vinna að þessum verkefnum en það þarf samt sem áður að finna fjármagn til þess að hægt sé að framleiða þau.

Fékkstu opinbera styrki til að halda sýninguna (t.d. frá Myndlistarsjóði, Myndstef,

Reykjavíkurborg, listamannalaunum eða annars konar styrk frá ríki?)

Nei, engir styrkir fengust vegna þessarar sýningar. *Innihélt samningur skilyrði um að standa fyrir listamannaspjalli og ef já, færðu/fékkstu greitt sérstaklega fyrir spjallið?* Já, það var skilyrði um eitt spjall en engin greiðsla var innt af hendi vegna þeirrar vinnu. En ég hélt tvisvar listamannaspjall meðan á sýningunni stóð.

Voru verkin þín tryggð hjá listasafninu á meðan sýningin stóð yfir eða stendur yfir? Nei.

Fékkstu greiddan ferðakostnað?

Nei, enginn ferðakostnaður var greiddur en það átti kannski ekki við hjá mér í þessu verkefni.

Samkvæmt drögum að Framlagssamningnum hefði Ingvar Högni Ragnarsson átt að fá **685.000 kr.** fyrir að vera með einkasýningu í Gerðarsafni. Gerðarsafn greiddi fyrir framleiðslu á einu verki sem kostaði **69.000 kr.** án vsk.

Greiðslan samkvæmt drögum að Framlagssamningnum sundurliðast á eftirfarandi hátt:

Þóknun **192.000 kr.**

Vinnuframlag **26.000 kr.**

Listamannaspjall **48.000 kr.**

Um er að ræða verktakagreiðslu og ber listamanninum að greiða ca. 40% í launatengd gjöld og lífeyrissjóð, má þá gera ráð fyrir að eftir standi **159.600 kr.**

Heildarefniskostnaður **419.000 kr.**



Verk Steinunnar Marteinsdóttur

Leirlistafélag Íslands



Frá sýningunni Kjammi og Kók á Hönnunarmars í Norrænahúsinu 2011



Verk Kristbjargar Guðmundsdóttur

Leirlistafélag Íslands var stofnað árið 1981 og í ár fagnar félagið 35 ára starfsemi sinni. Félagið hefur vaxið og dafnað og félögum fjölgað frá því það var stofnað og nú eru félagsmenn 67 talsins. Meðlimir hafa verið virkir í listalífinu, með uppsetningum einkasýninga og þátttöku í samsýningum bæði hér heima og erlendis. Upphaf íslenskrar leirlistar er rakið aftur til ársins 1930 þegar Guðmundur frá Miðdal stofnaði Listvinahúsið, fyrstu leirmunagerð landsins. Hann hóf markvissar rannsóknir á íslenskum leir og nýtti þær í verk sín. Um 1950 voru hér starfandi þrjár leirmunagerðir. Laugarnesleir sem hjónin Gestur Þorgrímsson og Sigrún Guðjónsdóttir stofnuðu. Leirmunagerð Benedikts Guðmundssonar og Leirmunagerðin Funi þar sem Ragnar Kjartansson var meðeigandi. Árið 1957 stofnaði svo Ragnar Glit sem varð stórfyrirtæki og vel þekkt bæði innanlands og utan. Myndlista- og handíðaskólinn stofnaði keramikdeild við skólann árið 1969 og var Jónína Guðnadóttir fyrsti umsjónarmaður deildarinnar. Deildin lagðist síðan af og í mörg ár var

ekki boðið upp á haldbæra kennslu í leirlist hér á landi. Í dag hefur Myndlistaskólinn í Reykjavík með námi sínu „Mótun“ opnað fyrir þann möguleika að læra grunninn í leirlist hér á landi á ný og velja margir að halda leirlistarnámi sínu áfram erlendis.

Árið 1979 markar tímamót í sögu leirlistar á Íslandi en þá tóku nokkrir leirlistamenn sig saman og héldu sýningu sem þeir kölluðu *Líf í leir*. Hún varð síðan kveikjan að stofnun Félags íslenskra leirlistamanna. Stofnfélagar voru 11 talsins og fyrsti fundur var haldinn snemma árs 1981. Félagið var ætlað öllum menntuðum leirlistamönnum, hvort sem þeir unnu að nytjalist eða frjálstri myndlist. Markmið félagsins var og er að efla veg og virðingu greinarinnar á Íslandi ásamt því að koma upp faglegu félagi með sambönd út í heim svo íslenskt leirlistafólk geti fylgst með straumum og stefnum sem víðast. Seinna var nafninu breytt í Leirlistafélag Íslands. Félagið hefur frá stofnun staðið fyrir reglulegum yfirlitssýningum og ýmiskonar viðburðum tengdum leirlist. Má

þar nefna fyrstu samsýningu félagsmanna í Listmunahúsinu á Listahátíð árið 1982, sem hét einfaldlega *Leirlist 82*, og árið 1995 var vegleg sýning á Kjarvalsstöðum. Í tengslum við hana skrifaði Eiríkur Þorláksson bók um sögu leirlistar á Íslandi.

Á 25 ára afmæli félagsins var sett upp vegleg sýning í Hafnarborg og samhliða henni gefin út bók þar sem farið var yfir sögu félagsins og stöðu þess í samtímanum. Leirlistafélag Íslands hefur frá hausti 2008 rekið vel útbúna vinnustofu á Korpúlfsstöðum sem leigð er út til félagsmanna og erlendra gesta. Eins og áður kom fram fagnar félagið 35 ára starfsafmæli. Að því tilefni hefur Listasafn Árnesinga boðið félagsmönnum að sýna verk sín á yfirlitssýningu þar sem 47 félagsmenn eru samankomnir. Má segja að þar megi sjá þverskurð íslenskrar leirlistar í dag. Sýningin er mjög vegleg og stendur til 1. maí. Auk þess verða fleiri viðburðir tengdir félaginu á dagskrá á afmælisárinu.

Gestavinnustofan

Sarah Gerats



Ljósmynd Sarah Gerats

Sarah Gerats (f. 1983) rifjar upp dvöl sína á gestavinnustofu SÍM. Sara er norsk en útskrifaðist með BA í myndlist frá Rietveld Academy í Amsterdam, MA í myndlist frá Academy of Arts í Helsinki og framhaldsnám í HISK, Higher Institute for Fine Arts, í Gent. Í listsköpun sinni notast Sarah við vídeó, ljósmyndun, gjörninga og frásagnir.

Þegar ég skrifa þessar línur er ég hinum megin á hnettinum. Í Punta Arenas hefur veðrið feykt okkur burt frá bryggjunni. Við munum liggja við akkeri í nótt. Það er síðasta nóttin áður en við hefjum siglingu til Suðurskautslandsins, Suður-Georgíu og áfram til Höfðaborgar. Þessa nótt svara ég spurningum SÍM um dvöl mína í gestavinnustofu þeirra í vetur. Vindurinn hefur svipt burt nettengingunni og ég man ekki spurningarnar nákvæmlega, en ég hef eitthvað að segja um mánuðina sem ég eyddi í Reykjavík.

SÍM gestavinnustofan var mér eins og heimili í mjög bókstaflegum skilningi. Ég veit að margir líta á hana sem tímabil fjarri heimilinu, og möguleika til að einbeita sér algjörlega að eigin viðfangsefnum. Mér fannst ég hins vegar hafa verið á flandri í heilt ár og að nú hefði ég loks stað til

að kalla heimili mitt. Stærsta hluta ársins vann ég sem leiðsögumaður á bátum af ýmsu tagi. Yfirleitt siglum við í kringum Spitsbergen, eyju sem er staðsett 78°N en þar er ég búsett. Eftir síðustu ferð mína í nóvember síðastliðnum kom ég beint í gestavinnustofuna. Ég man mjög greinilega hvernig ég sat í rúminu mínu fyrstu nóttina – hallaði mér upp að einum af fjórum traustum veggjum sem ég gat kallað mína eigin og vissi að myndu ekki hreyfast næstu tvo mánuði.

Það var eins og að vera heima, og það var exótískt. Enn exótískara en snjórinn og birtan og vindurinn og landslagið – jafnvel þótt það séu ástæðurnar fyrir því að ég kem alltaf aftur. Ég hafði komið til Íslands nokkrum sinnum áður. Í fyrsta skipti árið 2006, í skiptinámi við Listaháskóla Íslands. Þá var Ísland enn hið fjarlægga norður í

mínum huga, en ekki enn orðið eyja í suðrinu. Það var gott að eiga heimili, en þetta var ekki rétti staðurinn til að vinna á. Svo ég leigði mér bíl í nokkra daga og ók af stað. Ég er vön myrkri, heimskautsnæturnar á Spitsbergen eru eins og þriggja mánaða miðnætti. Þær kenna manni að vera úti í myrkrinu og ég var mjög þakklát fyrir þann hæfileika þegar ég keyrði um Ísland. Ég fór upp að Geysi um miðja nótt. Stóð þar, alein, og sá ekki heldur fann fyrir gosinu.

Á einni þessara ferða tók ég með mér stóran klump af jökulís. Ég hafði hann í farangrinum í um mánuð, þar til hann var alveg bráðnaður. Stundum ók ég um með hann. Stundum fór ég með hann heim og geymdi í frysti í nokkra daga.

Ég naut þess að koma heim til minna fjögurra veggja

og til annarra listamanna í gestavinnustofunni. Við vorum eins og undarleg fjölskylda – allir mjög einstakir og ólíkir, en alltaf tilbúnir að sitja við gluggann, horfa á sjóinn og ræða aðeins saman. Það voru forréttindi að hafa fólk í kringum sig.

Ég hef ekki farið í margar gestavinnustofur – fyrst og fremst vegna þess að ég hef aldrei verið listamaður sem notar vinnustofu. En skipulagið hjá SÍM hentaði mér mjög vel. Þegar ég leiddi hugann að væntanlegri vinnustofudvöl í sumarvinnunni minni hugsaði ég um langar nætur úti á lífinu og fleiri kosti borgarlífsins. Þess í stað varð vinnustofan að nokkurs konar grunnbúðum til að ferðast frá og snúa aftur til. Staður sem ég notaði lítið líkamlega en gaf mér gríðarlega mikið andlegt rými.

BÍÓ ★ PARADÍS

THE HOME OF ICELANDIC CINEMA
THE BEST OF INDEPENDENT, CLASSIC AND CULT FILMS



VISIT OUR CAFÉ AND BAR
OPEN EVERY DAY FROM 17:00



WWW.BIOPARADIS.IS

Barbara Probst

Hallgerður Hallgrímsdóttir

Hrafnkell Sigurðsson

Hrefna Harðardóttir

Hörður Geirsson

Ine Lamers

Wolfgang Tillmans



Samsýning, ljósmyndir / Group exhibition, photographs
Fólk / People

19. mars - 29. maí / March 19th - May 29th 2016

Listasafnið á Akureyri
Akureyri Art Museum
www.listak.is





Kristinn E. Hrafnsson

Staðir

Verið velkomin á sýningu á verkum Kristins E. Hrafnssonar í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Sýningin stendur til 12. ágúst og er opin virka daga kl. 10–16.

arionbanki.is/art

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina

„Sögurnar opna okkur nýja heimsmynd,
sem fræðiritin dýpka.“

Aðalheiður er félagi í HÍB frá 2006

www.hib.is



GAMMA
styrkir HÍB
á tveggja alda afmæli
félagsins

*Viltu auglýsa hér?
auglysingar@sim.is*



46&47

Foreword

Gunnhildur Þórðardóttir

Vol 6, iss



48&49

*To give space for
creativity*

Sigrún Hrólfsdóttir



50&51

*The role of art
in education*

Sandra Rebekka



52&53

*Conversation with
Kristin Má Pálmason*



54&55

Vasulka chamber



56&57

*Back in the
sandbox*

Ásthildur B. Jónsdóttir



58&61

Clarity

Margrét Elísabet Ólafsdóttir

62&63

Breathing space

Freyja Eilíf



64&65

*From the sketchbook:
Guðmundur Thoroddsen*



66&67


*O, ye fallen
payment!*

Eiríkur Örn Norðdahl



68&77

*The Contribution
Contact (draft) in
black and white*



78&79

*The Association of
Icelandic Ceramic Artists*



80&81

The SÍM residency

Sarah Gerats



My tenure on the board of SÍM will soon be over and gratitude is foremost on my mind. The time has been extremely educational and rewarding. I have encountered fighting spirit, perseverance, unbridled brainstorming, happiness, disappointment and, last but not least, friendship.

When I ran as a candidate for the board I had always

believed that SÍM should fight for its members' rights. I wanted to contribute to, and enhance in some way, the operation of SÍM. I had previously worked for SÍM as a project manager for the artist in residence program and the Day of Visual Art, as well as served on the board and the exhibition committee of The Icelandic Printmakers Association for several years. I have also worked for a number of

museums. I am an educated visual artist with a BA in Art and Art history and an MA in Arts Management, and for several years now have taught art in elementary school.

A good teacher can have an influence that lasts a lifetime. When I was in elementary school, I was lucky enough to have an educated visual artist as an art teacher. Right away, he kindled an immense

Foreword

Gunnhildur Þórðardóttir





Photos Tinna Guðmundsdóttir

interest of art in us, getting us to place an emphasis on drawing, to look at different angles and distances. He was a very skilled painter too. At the same time, I received a musical upbringing during art classes because we would listen to records or cassettes in those days. We were also fortunate with our music teacher who later became a famous opera singer. The art classes were very popular; we learned to listen, to create and find solutions but also to design new things. At the annual school festival everyone pulled together to create props and a stage, a project that the art teacher oversaw enthusiastically. We learned to work in a democratic manner; there was a collaboration between students and teachers, we learned to implement technique and to cast a critical eye on space and form. We learned to believe in ourselves, create and enjoy.

However, back to my work for SÍM. I want to expand on the qualities I mentioned at the beginning. When I mention a fighting spirit and perseverance I cannot help but think of industriousness, the rise

to the challenge and loyalty, some highly regarded virtues in Iceland. These are also the traits of a conscientious artist who works around the clock. Starting with a regular paid job, then perhaps taking care of a family, and last but not least, working as an artist. The artist is loyal to their freedom to create art, expresses themselves about state of the world, and does not give up in the face of adversity. But despite everything, the prevailing attitude among hopefully a small part of the nation is that artists “sponge” off the community. This is a tenacious myth, but let’s kill it once and for all. We should pay visual artists, we should pay for their work and we have certainly done our part. We can all agree about the value of paying for a job that is carried out.

I mention unbridled brainstorming, because many concrete ideas were born during board meetings and then executed. I mention happiness because many ideas turned into amazing collaborations, but also disappointment when powerful and interesting ideas did not receive support or fund-

ing. Life has its ups and downs; sometimes things work out and sometimes they don’t and that is just the way it is. However visual artists should be vocal. We are not a silent force because we contribute to society just like farmers, pharmacists, and teachers. Artists are highly educated people and the importance of education cannot be overstated. Democracy and education go hand in hand and make us all human. Education has an intimate connection to equality, welfare and prosperity, and art education encourages critical and creative thinking.

Art shapes our identity and we, artists are a part of history. We are the glue and thread holding society together by helping people create and enjoy. We cannot survive on air or photosynthesis, as artist Ólöf Nordal stated in an interview, but we are the oxygen that makes blood flow.

